
MÁLFREGNIR

Nýjar ritreglur 2016

Hinn 6. júní 2016 gaf mennta- og menningarmálaráðherra út auglýsingu nr. 695 um setningu íslenskra ritreglna. Auglýsingin birtist í B-deild Stjórnartíðinda 10. ágúst 2016.

Ritreglurnar voru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu ráðherra. Jafnframt féll úr gildi auglýsing um íslenska stafsetningu, nr. 132/1974, með síðari breytingum.

Reglurnar gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera.

Auglýsing ráðherra var birt með stoð í 2. málsgrein 6. greinar laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Sú málsgrein hljóðar svo: „Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.“

Útgáfa auglýsingarinnar um íslenskar ritreglur markar talsverð tímamót í sögu íslenskrar málstöðlunar og íslenskukennslu. Hér hefur ráðherra í fyrsta sinn gefið út ritreglur í samræmi við núgildandi lög um Íslenska málnefnd.

Á vef Íslenskrar málnefndar kemur fram að vinnuhópar á vegum nefndarinnar hafi unnið að endurskoðun eldri ritreglna árin 2009–2015 og að Íslensk málnefnd hafi skilað drögum að nýjum ritreglum

til mennta- og menningarmálaráðuneytis 5. apríl 2016 (Íslensk málnefnd 2016a). Eftir gildistöku auglýsingarinnar lét málnefndin hanna nýtt pdf-skjal (67 bls.) með ritreglunum (Íslensk málnefnd 2016b).

Engar grundvallarbreytingar urðu á íslenskri stafsetningu með tilkomu nýju ritreglnanna. Stafsetningin er eftir sem áður reist fremur á uppruna en framburði: aðgreining *y, ý, ey* og *i, í, ei*; aðgreining *n* og *nn* í áherslulausum atkvæðum; stofnreglunni svonefndu er fylgt (t.d. *grimm*d með *mm*, sbr. *grimmur*) og þar fram eftir götunum.

Enda þótt ekki hafi verið um að ræða neinar grundvallarbreytingar frá þeim stafsetningarreglum sem áður giltu er mjög margt hér skýrar fram sett og nánar útfært frá því sem var í auglýsingunni frá 1974 og breytingum á henni 1977. Í því efni virðist nokkuð byggt á þeim ritreglum sem teknar voru saman í Íslenskri málstöð á vegum Íslenskrar málnefndar fyrir rúmum áratug og birtust í *Stafsetningarorðabókinni* sem málnefndin gaf út 2006. Markmið þeirra ritreglna var að skýra eftir föngum og fylgja eftir þágildandi auglýsingu ráðherra um íslenska stafsetningu og leitast við að bæta framsetningu hennar, m.a. með fjölda dæma.

Efnislegar breytingar 2016, frá auglýsingunni 1974, með breytingum 1977, eru sem sé í raun frekar litlar (sbr. einnig Jóhannes B. Sigtryggsson 2016) en þær varða þá helst ritun lítils og stórs upphafsstafs í stöku tilfellum (svo sem heiti fylgismanna stjórnmalaflokka: áður *sjálfstæðismaður* en nú *Sjálfstæðismaður*) og ritun í einu eða fleiri orðum (m.a. að orðasambönd með *konar* og *kyns* skuli nú eingöngu rita í samræmi við uppruna, þ.e. hvert orð út af fyrir sig, og að *meðfram* skuli nú rita í einu orði, þ.e. á sama hátt og *áfram* og *umfram*).

Heimildir

Auglýsing um íslenska stafsetningu nr. 132/1974.

Auglýsing um íslenska stafsetningu nr. 261/1977.

Auglýsing um setningu íslenskra ritreglna nr. 695/2016. 6. júní 2016. <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf>

Auglýsing um setningu íslenskra ritreglna nr. 695/2016. 10. ágúst 2016. Stjórnartíðindi. B-deild. www.stjornartidindi.is

Íslensk málnefnd. 2016a. *Ritreglur*. <http://islenskan.is/ritreglur-im>

Íslensk málnefnd. 2016b. *Ritreglur. Auglýsing mennta- og menningarmálaráðuneytis nr. 695/2016 með leiðréttingum*. <http://islenskan.is/images/ritreglur-IM-2016.pdf>

Jóhannes B. Sigtryggsson. 2016. Greinargerð um helstu breytingar á ritreglum. *Skíma* 39:40–41.

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011.

Stafsetningarorðabókin (ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir). 2006. Ritreglur, bls. 673–736. Reykjavík: Íslensk málnefnd / JPV.

Ritstj.